



Embætti
landlæknis
Directorate of Health

Vistun sjúkraskrárupplýsinga

Rafræn sjúkraskrá – öryggi sjúkraskrárupplýsinga

SKÝ hádegisfundur- miðvikudaginn 23. október 2013

Sigríður Haraldsdóttir

sviðsstjóri heilbrigðisupplýsingasviðs

Fjallað verður um...

- Hlutverk Embættis landlæknis
- Auknar kröfur um aðgengi að upplýsingum milli þjónustueininga og stofnana
- Aukna möguleika á að miðla upplýsingum
- Hvaða reglur og leiðbeiningar eru til, hvað vantar
- Hvaða vinna er í gangi hjá EL í ýmsum verkefnum

Hlutverk og skyldur EL


- Að veita fagfólki og almenningi ráðgjöf og fræðslu.
- Að hafa eftirlit með heilbrigðisþj. og heilbrigðisstarfsm.
- Að safna og vinna upplýsingar um heilsufar og heilbrigðisþjónustu.
- Að gefa út fagleg fyrirmæli, leiðbeiningar og ábendingar um vinnulag.
- Þróun rafrænnar sjúkraskrár bættist við 1. mars 2012

Tókum við öllum verkefnum frá VEL er varða þróun og framkvæmd rafrænnar sjúkraskrár á landsvísu

Stefnumótun síðustu ára

Ein sjúkraskrá frá „vöggu til grafar“ –
Samtengd / heildstæð rafræn sjúkraskrá
fyrir allt landið

HEILSUGÆSLUSTÖÐVAR
OG HEILBRIGÐISUMDÆMI Á ÍSLANDI
JANÚAR 2008



Kort er unnið af Svanhildi Þorsteinssdóttur, heilbrigðisfræðingsviði Læknisnemisbættans
Kortagerunum Landmælingar Íslands
Heimild: Stofnanarskrá Læknisnemisbættans

- Heilsugæslustöð (aðalstöð)
- Heilsugæslusel (útibú aðalstöða)



Samtengd rafræn sjúkraskrá

- Margar leiðir að sama markmiði -

- Sameiningar gagnagrunna (sameiningar stofnana)
- Samtengingar á milli gagnagrunna (lög um sjúkraskrár 2009)
- Miðlægir gagnagrunnar (br. á lyfjalögum 2012)
- Rafrænar sendingar/samskipti

Samskiptakerfi í gangi eða í þróun

- Hekla/lyfseðlagátt/rafrænir lyfseðlar/læknabréf/hjúkrunarbréf
- Rannsóknir og myndgreiningar
 - FlexLab LSH
 - Nýtt beiðna og svarakerfi í smíðum (HRós) LSH
 - RIS og PACS 4 staðir
- Ytri-Heilsugátt LSH á landsvísu

Rafrænir lyfseðlar og tenging við Heklu Umsóknarferli



Læknar - Apótek - Hugbúnaðarkerfi

Umsókn
send til EL

- Upplýsingar um tegund sjúkraskrárkerfis
- Hýsingaraðila
- Upplýsingaöryggi

EL metur
umsóknina

- Uppfyllir hugbúnaður skilyrði?
- Er öryggisstefna, áhættumat og neyðaráætlun til staðar?
- Kallar eftir upplýsingum e. þörfum

EL afgreiðir
umsóknina

- Leyfi veitt að öllum skilyrðum uppfylltum
- Verklagsreglur afhentar

Aðgangur að lyfjagagnagrunni

- Nýr rauntímagrunnur
- Notum rafræn skilríki til auðkenningar



Við allar innskráningar:

Með uppflettingu einstaklings í lyfjagagnagrunni staðfestir læknir að viðkomandi hafi leitað til hans um þjónustu. Læknirinn er ábyrgur fyrir meðferð þeirra upplýsinga sem aðgengilegar verða við uppflettingu og að samskipti þeirra séu skráð í sjúkraskrá.

Lyfjagagnagrunnur landlæknis

Skilmálar um notkun

Ágæti lækni.

Læknar hafa nú heimild til að fletta upp lyfjaupplýsingum einstaklinga sem þeir hafa til meðferðar og/eða eru að sækja til þeirra þjónustu.

Í lyfjagagnagrunni landlæknis eru eftirfarandi upplýsingar síðustu þriggja ára:

Rafrænar lyfjaávisanir sem bíða afgreiðslu í Lyfjagátt

Lyfseðilsskyld lyf afgreidd úr lyfjabúðum og lyfjaskömmtum

Allar uppflettingar eru skráðar á nafn þess læknis sem flettir. Þegar almenningur fær aðgang að sínum lyfjaupplýsingum munu einstaklingar geta séð hverjir hafa flett þeirra lyfjasögu upp í lyfjagagnagrunninum og hvenær, frá opnun hans. Lyfjaávisanir eru merktar læknum með nafni.

Læknir ber ábyrgð á að vernda þær upplýsingar sem aðgengilegar verða við uppflettingu. Gögnin koma úr lyfseðlaútgáfu sjúkraskrárkerfa og afgreiðslukerfum lyfjabúða og eru birt sem næst í rauntíma. Villuprófanir eru keyrðar reglulega en ábendingar um mögulegar villur eru vel þegnar.

Embætti landlæknis mun fylgjast reglulega með því að læknar eigi samskipti við þá einstaklinga sem þeir hafa flett upp í lyfjagagnagrunninum sem skjalfest eru í sjúkraskrá. Viðurlög við brotum verða í samræmi við ákvæði laga um landlækni og lýðheilsu.

Virðingarfyllst,

Geir Gunnlaugsson, landlæknir

Ég samþykki hér þessa skilmála um verklag við uppflettingar lyfjaupplýsinga einstaklinga í lyfjagagnagrunninum.

Lög og reglur um öryggi sjúkraskrárupplýsinga

- Nýleg heildarlög sem setja ramma og opna möguleika til samtenginga
- Mikil og vaxandi þörf á samræmdum og nákvæmari reglum
- Er eitt af forgangsverkefnum vegna þróunar rafrænnar sjúkraskrár

Reglur í mótun hjá EL

- EL vinnur að því að setja reglur um öryggi sjúkraskrárupplýsinga
- Verða settar fram í formi fyrirmæla landlæknis (stoð í 5. gr. laga)
- Fyrirmælin eru unnin með hliðsjón af lögum um sjúkraskrár, um persónuvernd og öryggisstöðlum.
- Kallað eftir gögnum frá öllum stofnunum

Fyrirmæli landlæknis um öryggi sjúkraskrárupplýsinga

- Færsla og varðveisla sjúkraskrárupplýsinga (fyrirmæli um skráningu, rekjanleiki skráningar, varðveisla sjúkraskrár)
- Öryggi sjúkraskrárupplýsinga (öryggisstefna, áhættumat, öryggisráðstafanir, innra eftirlit)
- Aðgangur að sjúkraskrárupplýsingum (notendahópar, reglur, trúnaðaryfirlýsingar, skráning á aðgangi, eftirlit með aðgangi, takmörkun á aðgangi, öryggisnefndir, verklag)
- Samtengd og sameiginleg sjúkraskrárkerfi (hver ber ábyrgð á hverju og hver hefur eftirlit með hverju)

Leiðbeiningar landlæknis um öryggi sjúkraskrárupplýsinga

- Í kjölfar fyrirmæla koma leiðbeiningar með viðeigandi skapalónum eða verkfærum.
- Innleiða í skrefum.
- Styðja stofnanir og rekstraraðila.

Takk fyrir !

